

SAMÞYKKT FYRIR ATVINNU- OG UMHVERFISNEFND FLÓAHREPPS

1. gr.

Atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps fer með atvinnu- umhverfis- og samgöngumál eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og samþykkt þessari.

2. gr.

Atvinnu- og umhverfisnefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, tilnefndum af sveitarstjórn. Sveitarstjórn kýs formann og varaformann. Kjörtímabil nefndar er það sama og sveitarstjórnar. Atvinnu- og umhverfisnefnd sækir umboð sitt til sveitarstjórnar. Nefndin skal rita fundargerðir og senda sveitarstjórn þær til staðfestingar. Fulltrúar í atvinnu- og umhverfisnefnd skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum nefndarinnar. Fulltrúi skal víkja af fundi og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum sem fjallað er um í nefndinni þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

3. gr.

Hlutverk atvinnu- og umhverfisnefnd er:

- að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið í atvinnu- umhverfis- og samgöngumálum.
- að hafa frumkvæði að markaðssetningu sveitarfélagsins.
- að vera umsagnaraðili um þau mál er lúta að atvinnu- umhverfis- og samgöngumálum.
- að hafa frumkvæði að aðgerðum til að efla endurvinnslu og endurnýtingu með sorpflokkun í samstarfi við sveitarstjórn.
- að stuðla að fegrun sveitarfélagsins og að árlega verði veittar viðurkenningar fyrir snyrtilega umgengni, falleg mannvirki og/eða aðra athyglisverðar aðgerðir á sviði umhverfisverndar samkvæmt verklagsreglum um val á umhverfisverðlaunum í Flóahreppi dags. 16. apríl 2009.
- að gæta þess að halda fjárhagsáætlanir.
- að taka við erindum frá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum og veita umsagnir um þau erindi.

4. gr.

Verkefni atvinnu- og umhverfisnefndar eru:

- að fylgjast með ástandi atvinnu- umhverfis- og samgöngumála í Flóahreppi.
- að gera tillögur til sveitarstjórnar og annarra opinberra aðila um eflingu í atvinnulífi, samgöngu- og umferðarmálum og umhverfismálum í Flóahreppi.

5. gr.

Fundir atvinnu- og umhverfisnefndar skulu haldnir reglulega og skal miða við að halda fund síðasta miðvikudag hvers mánaðar. Fundur skal þó falla niður sé umfjöllunarefni ekkert. Boða skal til aukafundar ef meirihluti nefndarmanna óskar eftir því enda sé fundarefni tilgreint.

6. gr.

Fulltrúar í atvinnu- og umhverfisnefnd skulu kynna sér þau lög og þær reglugerðir sem gilda um þá málaflokka sem heyra undir nefndina og samþykktir og reglur sem sveitarstjórn hefur sett. Það á einnig við um samninga og/eða samstarf við önnur sveitarfélög.

7. gr.

Nefndin skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga við meðferð mála.

*Samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 2. febrúar 2011
Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri*